

**Sp.**

**18. Tillaga til þingsályktunar**

[18. mál]

um flugsamgöngur við Siglufjörð.

Flm.: Einar Ingimundarson, Gunnar Jóhannsson, Ólafur Jóhannesson,  
Jón Þorsteinsson, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á, með hvaða hætti flugsamgöngur verða helzt tryggðar við Siglufjörð. Skal athugun þessari vera lokið, áður en reglulegt Alþingi 1960 kemur saman.

**Greinargerð.**

Um 15 ára skeið hefur verið haldið uppi flugsamgöngum við Siglufjörð með sjóflugvélum, enda er enginn flugvöllur þar. Ærið hafa þó flugferðir til kaupstaðarins verið stopular og lítt á þeim byggjandi, einkum yfir vetrarmánuðina, vegna óhagstæðs veður og þó oftar vegna sjávargangs og ísreks á firðinum, þótt veður sé annars stillt og hjart. Nú um allmörg ár hefur Flugfélag Íslands annast flugferðir milli Siglufjarðar og Reykjavíkur með svonefndum Catalina-flugbátum, sem eru allstórar flugvélar og hafa gefizt vel hér á landi. Hins vegar er nú svo komið, að sú eina sjóflugvél, sem Flugfélag Íslands á eftir af þessari gerð, er að verða ónothæf, og eru því horfur á, að flugsamgöngur við Siglufjörð og aðra þá staði á landinu, sem sjóflugvélar hafa annast flug til, leggist með öllu niður nú næstu mánuðina, ef ekkert verður að gert. Væri slíkt flugsamgönguleysi við Siglufjörð í meira lagi bagalegt og raunar hættulegt yfir sumarmánuðina, en segja má, að þá sé líftaug þjóðarinnar að miklu leyti bundin við síldveiðarnar og þá fyrst og fremst Siglufjörð. Ekki treysta flutningsmenn þessarar tillögu sér til að leiða getur að því, með hvaða hætti flugsamgöngur við Siglufjörð verði helzt tryggðar, en telja þó að lauslega athuguðu máli, að það verði tæplega gert nema með því að gera þar flugvöll, sem nothæfur væri fyrir meðalstórar landflugvélar eða fyrir smærri flugvélar, sem önnuðust selflutninga milli Siglufjarðar og þeirra nágrennastaða, þar sem fyrir eru stórir flugvellir, þ. e. Akureyrar og Sauðárkróks. Aðalatriðið er í augum flutningsmanna, að komið verði í veg fyrir, að flugsamgöngur við Siglufjörð leggist með öllu niður til óbætans tjóns fyrir íbúa kaupstaðarins og þjóðina í heild, en ekki hitt, með hvaða hætti þessari hættu verði afstýrt.